

Ísafirði 10. September 2018

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar

Daníel Jakobsson formaður

Skipulags- og mannvirkjanefnd

Sigurður Mar Óskarsson formaður

Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1

400 Ísafirði

Erindi: Varðar uppsetningu æslabelgs á Eyrartúni.

September þann 6.dags mánaðar 2018, birti Vefblað BB mynd af framkvæmdum á Eyrartúni, þar sem væntanlega var verið að setja niður svo kallaðann ærslabelg. Þegar gáð var að upplýsingum um framkvæmdina þá fannst ekki skráð leyfisveiting um verkið, en í bæjaráði 1028 fundar kemur fram erindi sem er að því virðist tengjast þessarri framkvæmd, þó óljóst. Bæjarráð afgreiðir ekki þetta erindi en vísar því til verðmats hjá umhverfis- og eignasviði og frestar erindinu þar til frekari gögn hafa verið útbúin.

Í Bæjarráði 10. September 2018, er tekið fyrir athugasemd íbúum Túngötu 12 og Eyrargötu 3, athugasemd sem á allan rétt á sér, en erindið er lagt fram til kynningar!!!!!!

Þessa málsmeðferð er hægt að rekja í opinberum fundargögnum Ísafjarðarbæjar. Ljóst er að skv. BB vefmiðli sem og öðrum myndum af vettvangi er farið í þetta verk að því er virðist án framkvæmdarheimildar og að sjá án fjárheimildar Ísafjarðarbæjar en Bæjarráð hefur ekki afgreitt slíkt erindi sb. Fundagerðir Bæjarráðs, eða tekið þetta erindi fyrir aftur.

Við framanritað eru gerðar athugasemdir við málsmeðferð og jafnframt eru gerðar athugasemdir við þessa framkvæmd á þeim stað sem hún er sett niður. Ekki hefur íbúum í nærumhverfinu verið kynnt fyrirhuguð framkvæmd og uppsetning leiktækisins á þessum stað, engar upplýsingar um notkunartíma og enginn grendarkynning átt sér stað.

Í Aðalskipulagi fellur þetta svæði undir Hverfisvernd, þ.e. Túngatan og niður allt svæðið ofan og neðan Safnahússins. Einungis leiksvæðið á gamla róló, Túngata 12 og Eyrargara 3 og Eyrarskjól eru utan þess svæðis. Með Hverfisvernd hefur bæjarfélagið lagt línur um vernd svæðisins, ásýnd og umhverfi að ekki sé talað um Safnahúsið allt og ásýnd Túngötu sem bæjarmyndar, en Túngatan er önnur elsta skipulagða gata landsins í sögulegu samhengi. Þessi áhersla kemur skýrt fram í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar, eldra deiliskipulagi og með áherslu sveitarstjórnar Ísafjarðarbæjar við gerð Aðalskipulags, enda margir aðilar sem komu að gerð Aðalskipulagsins er mátu það svo að svæði frá og með Túngötu og niður allan gamla bæinn skildi falla undir þessar áherslur.

Ekki er að sjá að Umhverfis og framkvæmdanefnd hafi fjallað um þetta mál, en verksvið nefndarinnar er að gæta að því að ekki sér farið í framkvæmdir án tilskilinna leyfa og að ekki sé borið niður með framkvæmd eins og þessa þar sem hún engan veginn fellur að skipulagi. Og að gæta þess að réttur íbúa og annarra í nærumhverfinu sé virtur, að ekki sé talað um að þar gildi íþyngjandi kvaðir í skipulagi sem skylt er að fara eftir.

Í ljósi alls þessa ber að fara að lögum og þeirrar stefnu sem lögformlega hefur verið sett hjá sveitarfélaginu. Sú framkvæmd sem nú fer fram á Eyrartúni er utan við lóð gamla gæsluvallar og er nú staðsett inn á Eyrartúni við hlið Safnahússins, á stað sem lítur hverfisverndar og tilheyrir ekki leiksvæðinu við gamla gæsluvöllinn. Staðsetning setur ljótan svip á umhverfi Safnahússins og ekki í takt við umhverfið. Breytir ásýnd og öllum má ljóst vera að leiktæki sem þetta mun hafa verulegt ónæði í för með sér fyrir íbúa nærliggjandi húsa og rýra bæði þeirra lífsgæði og mögulega verðmæti eigna vegna nálægðar við þessa tegund leiktækis.

Það er tillag mín og krafa að viðkomandi leiktæki verið fjarlæggt af þeim stað sem nú er verið að koma því fyrir á, enda brýtur niðursetning þess þar í bága við allar samþykktir skipulags. Og því fundin viðeigandi staður t.d. á eða við íþróttasvæðið á Torfnesi þar sem að á heima.

Þessi afstaða hefur verið rædd af megin þorra eigenda húsa í Túngötu frá Túngötu 1 til og með 9.

Virðingarfyllt

Ragnheiður Hákonardóttir